



Tillaga miðstjórnar að ályktun um færni, þekkingu og menntun á breyttum vinnumarkaði

Fertugasta og sjöunda þing Alþýðusambands Íslands (ASÍ) krefst þess að launafólki verði tryggð full aðkoma að þeim miklu umskiptum sem nú ganga yfir vinnumarkaðinn vegna nýrrar tækni og loftslagsbreytinga.

Þing ASÍ ályktar að ekki verði liðið að umbreytingar í íslensku atvinnulífi leiði til óöryggis, afkomuskerðinga og ójöfnuðar. Launafólk njóti ávinnings framfara og því verði tryggður skýlaus réttur til að taka þátt í þróun til nýrra starfa og breyttra atvinnuhátta á forsendum réttlætis, félagslegs stöðugleika og inngildingar.

Forsenda réttlátra umskipta á vinnumarkaði er að launafólki verði tryggt bætt aðgengi að markvissri sí- og endurmenntun og að réttur til náms og starfsþróunar vegna breytinga í atvinnulífinu verði að fullu viðurkenndur. Launafólk njóti jafnframt fjárhagslegs öryggis á námstíma og verði þannig gert kleift að afla sér aukinnar þekkingar og færni án þess að stefna afkomu sinni í hættu.

Þing ASÍ ályktar að þetta verði aðeins gert með samstilltu átaki verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og stjórnvalda um að byggja upp öflugt mennta- og afkomuþryggingakerfi vegna breyttra aðstæðna vinnandi fólks. Slíkt kerfi þarf að byggja á skýrum réttindum í kjarasamningum, traustum stuðningskerfum vinnumarkaðarins og félagslegu námslánakerfi. Þannig verði öllum tryggð réttlát hlutdeild og tækifæri til þátttöku á breyttum vinnumarkaði.

Áherslur ASÍ um þekkingu færni og menntun á breyttum vinnumarkaði

Aðgengi að menntun

Mikilvægt er að sí- og endurmenntun verði í forgrunni aðgerða vegna réttlátra umskipta til þess að tryggja að enginn verði skilinn eftir án tækifæra til þátttöku á vinnumarkaði. Efla þarf heildstætt, aðgengilegt og framsýnt nám sem styður við fjölbreytt og gott námsframboð innan framhaldsfræðslu, framhaldsskóla og háskóla, þannig að launafólk geti þróað þá hæfni sem ört breytilegur vinnumarkaður krefst. Þá þarf að forgangsraða sí- og endurmenntun í takt við þær breytingar sem eru að verða og skapa raunveruleg tækifæri fyrir fólk til að endurmennta sig inn í ný störf sem breytingarnar kalla á.

Tryggja þarf gott aðgengi að sí- og endurmenntun fyrir alla hópa, óháð búsetu, uppruna eða fjárhagsstöðu, með sérstakri áherslu á fólk með minni formlega menntun.

Efla þarf aðgengi að raunfærnimati og fagbréfum atvinnulífsins, sérstaklega fyrir launafólk af erlendum uppruna, og tryggja greiðan aðgang að áframhaldandi námi í kjölfarið, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi. Þá þarf að auka framboð náms á fleiri tungumálum, svo sem ensku og pólsku, og þróa námsleiðir þar sem íslenskukennsla fer fram samhliða starfi.

Jafnframt þarf að byggja upp öflugt samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um kerfisbundna greiningu á færniþörfum vinnumarkaðarins svo menntun og hæfni haldist í hendur við þróun atvinnulífsins. Mikilvægt er að efla gagnasöfnun og samræmda skráningu á menntun, starfsreynslu og hæfni til að tryggja áreiðanlegar upplýsingar, málefnalega umræðu og markvissa stefnumótun í málaflokknum.

Réttur til að sækja sér menntun

Mikilvægt er að komið verði á kerfi á vinnumarkaði sem leggur upp með að endurmenntun verði innbyggð inn í fræðslustefnu og starfsumhverfi vinnustaða. Skapa þarf hvata og aðstæður sem styðja við þátttöku launafólks í námi samhliða starfi og tryggja að fólk hafi raunverulegt svigrúm til að sækja sér nýja færni og þekkingu í takti við breytingar á vinnumarkaði vegna réttlátra umskipta. Sérstök áhersla þarf að vera á að tryggja að innflytjendur geti stundað íslenskunám á vinnutíma og að fatlað fólk og einstaklingar með skerta starfsgetu hafi raunveruleg tækifæri til þátttöku og framgangs á vinnumarkaði samhliða þeim breytingum sem verða vegna réttlátra umskipta.

Mikilvægt er að breytingarnar leiði ekki til aukinnar jaðarsetningar heldur styðji við aukna þátttöku allra hópa á vinnumarkaði.

Trygg afkoma meðan á námi stendur

Forsenda þess að launafólk geti sinnt sí- og endurmenntun er að afkoma þess sé tryggð meðan á námi stendur. Mikilvægt er að Menntasjóður verði raunverulegt jöfnunartæki sem styður við aðgengi að námi og dregur úr fjárhagslegum hindrunum. Þá þarf að auka fjármagn til raunfærnimats og annarra úrræða sem auðvelda fólki að hefja eða halda áfram námi.

Skapa þarf skilyrði sem gera fólki kleift að stunda nám samhliða vinnu án þess að afkoma þess skerðist verulega. Mikilvægt er að fjárhagsstaða verði ekki hindrun fyrir þátttöku í sí- og endurmenntun eða fyrir möguleika fólks til að aðlagast nýjum kröfum vinnumarkaðarins og færa sig yfir í ný störf þegar breytingar verða vegna réttlátra umskipta.

Greinargerð

Vinumarkaðurinn er í stöðugri þróun og stendur frammi fyrir umfangsmiklum breytingum vegna hraðrar tækniþróunar, aukinnar notkunar gervigreindar, sjálfvirknivæðingar sem og vegna orkuskipta, loftslagsaðgerða, grænnar atvinnuuppbyggingar og aukinna krafna um sjálfbærni.

Í ljósi þessara breytinga er mikilvægt að beina sérstakri athygli að stöðu og tækifærum launafólks á vinnumarkaði. Þegar horft er til þeirra umskipta sem eru að eiga sér stað er einna brýnast að efla sí- og endurmenntun. Það er sameiginleg ábyrgð stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks að tryggja að allir hafi greiðan aðgang að námi og tækifæri til að þróa hæfni sína í takti við nýjar kröfur atvinnulífsins. Til þess þarf að vinna markvisst að því að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem launafólk mætir við þátttöku í námi og jafnframt takast á við kerfislægar áskoranir með aukinn sveigjanleika, aðgengi og stuðning innan mennta- og vinnumarkaðskerfisins að leiðarljósi.

Í ný útkominni skýrslu Alþjóðavinnuáráðs, [Lifelong learning and skills for the future](#) eru lykilþættir öflugs sí- og endurmenntunarkerfis dregnir fram. Þar kemur m.a. fram að öllu máli skiptir að búa yfir öflugum stuðningskerfi sem byggir á öflugri stjórnsýslu, samhæfingu, fjármögnun og félagslegu samtali. Skýr verkaskipting, samhæfing milli stofnana og virkrar þátttöku aðila vinnumarkaðarins, þar á meðal fagráða eru allt taldir mikilvægir þættir til þess að stuðla að því að tryggja mikilvægt samræmi og ábyrgð á framboði til að efla færni. Öflugt stuðningskerfi byggir einnig á stafrænum innviðum náms, árangursríkum fjárhagslegum hvötum, gæðatryggingu og aðgengilegum stuðningi við starfsþróun sem gerir símenntun að raunhæfum valkosti fyrir launafólk. Þar sem ráðuneyti, stofnanir og aðilar vinnumarkaðarins vinna saman eru kerfin yfirleitt samþættari og bregðast um leið betur við þörfum hverju sinni.

Jafnt aðgengi að menntun og tækifærum til að þróa hæfni sína samhliða vinnu er lykilþáttur í að tryggja að breytingar á vinnumarkaði leiði ekki til aukinnar mismununar eða ójafnaðar. Uppbygging samræmdra og samþættra kerfa er lykilatriði til þess að sí- og endurmenntun verði raunverulega aðgengileg öllum og aðlöguð að breyttum aðstæðum. Fjármögnun er áfram lykiláskorun en líta ætti á sí- og endurmenntun sem fjárfestingu sem skilar miklum ávinningi til framtíðar. Því er það ekki síður mikilvægt að horfa til hlutverks Menntasjóðs sem getur gegnt lykilhlutverki í að styðja við þessar breytingar eins og bent er á í skýrslu Landssambands íslenskra stúdenta, *Árangur eða eftirfær? Áhrif og afleiðingar nýrra laga um Menntasjóð námsmanna*. Þegar horft er til þeirra hópa sem standa veikar á vinnumarkaði, svo sem fólk með minni formlega menntun, ungt fólk, innflytjendur eða starfsfólk í störfum sem miklar líkur eru á að hverfi eða breytist, er ljóst að áskoranirnar eru fjölbreyttar að því mikilvægt að styðja við hæfniþróun sem er lykilþáttur í seiglu, þátttöku og tækifærum. En hana þarf að þróa, viðurkenna, meta og nýta á þann hátt sem endurspeglar síbreytilegan vinnumarkað og þarfir samfélagsins.

Sí- og endurmenntun þarf að vera í forgrunni umbreytingaraðgerða til að tryggja að enginn verði skilinn eftir, með því að efla heildstætt, aðgengilegt og framsýnt nám sem styður við fjölbreytt og gott framboð til að auka hæfni sem hentar ört breytilegum vinnumarkaði.

Mikilvægt er að bæta almennt aðgengi þeirra, sem búa yfir minni formlegri menntun að sí- og endurmenntun í starfi sem og aðgengi að Raunfærnimati og námsleiðum sem lýkur með Fagbréfi atvinnulífsins. Vegna þeirra öru þróunar tækniþreyinga sem er að eiga sér stað á vinnumarkaði er brýnt að horfa til leiða sem byggja á markvissri stefnu í sí- og endurmenntun

sem er samofin fræðslustefnu hvers vinnustaðar þar sem sérstaklega er horft til þeirra starfa sem tæknibreytingar hafa áhrif á.

Vinumarkaður nútímans krefst þróunar á fjölbreyttri og samsettri hæfni. Því verður enn mikilvægara að atvinnurekendur leiti eftir hæfni meðal starfsfólks sem nær yfir ólík svið. Grunn stafræn færni og styrkleikar til teymisvinnu er gott dæmi um slíka samsetningu líkt og vitsmunalega hæfni og verkleg kunnáttu. Félags- og tilfinningagreind er gríðarlega mikilvæg í umbreytingunum sem eiga sér stað á vinnumarkaði og styður vel við færni starfsfólks til að færa sig úr einföldum störfum yfir í flóknara hlutverk í breyttu starfi. Þegar vitsmunaleg hæfni bætist við fjölgar möguleikunum á framgangi í starfi enn frekar.

Líkt og fram kemur í fyrrgreindri skýrslu Alþjóða vinnumálastofnunarinnar eru það hindranir eins og kostnaður, tímaskortur launafólks, skortur á upplýsingum og stíft fyrirkomulag náms sem koma í veg fyrir þátttöku einstaklinga úr ólíkum hópum. Til að auka aðgengi þarf markvissan fjárhagslegan stuðning, aðgerðir sem draga úr tímaskorti eins og launað námsleyfi, viðurkenning á fyrri reynslu og öflug starfsráðgjöf og upplýsingamiðlun.

Öflugt íslenskt atvinnulíf byggir á mikilli þátttöku innflytjenda en hlutfall innflytjenda af heildar fjölda launafólks er eitt það hæsta í Evrópu eða um 25%. Í mörgum atvinnugreinum, svo sem byggingariðnaði, ferðaþjónustu, fiskvinnslu, ræstingu, umönnun og ýmissi þjónustu, eru þeir burðarás starfseminnar.

Um langt skeið hefur það verið aðkallandi að efla tungumálakunnáttu/færni innflytjenda til þess að efla um leið tækifæri þeirra til að nýta sér þær námsleiðir sem geta styrkt stöðu þeirra á vinnumarkaði. Því er afar brýnt að aðgengi að íslenskunámi sé tryggt á vinnutíma en allar kannanir vísa til þess að tímaskortur og aðstæður fólks koma í veg fyrir að fólk stundi nám í íslensku samhliða vinnu.

Reynslan bendir til þess að árangur í tungumálanámi ráðist ekki eingöngu af skyldum, heldur af því hvort námið tengist áþreifanlegum tækifærum, svo sem bættri stöðu á vinnumarkaði, formlegri viðurkenningu á færni og raunhæfum möguleikum til starfsþróunar. Sé áherslan fyrst og fremst á skyldur án þess að tryggð séu markviss og raunhæf úrræði og jákvæðir hvatar er hætta á að það dragi úr virkni og veiki þannig markmið um raunverulega inngildinguna.

Í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2026-2029 er sérstaklega tekið fram að bæta þurfi aðgengi innflytjenda að raunfærnimati og styrkja enn frekar mat á námi og þátttöku á vinnumarkaði.

Mikilvægt er að skýra betur hvaða leiðir opnast í kjölfar mats á menntun og raunfærni. Mikilvægt er að settir verði mælikvarðar og fylgst markvisst með árangri, svo sem hversu margir hljóta starfsréttindi, hefja frekara nám eða komast í störf sem samræmast menntun og reynslu. Án slíkrar eftirfylgni er óljóst hver áhrif aðgerðanna verða á raunverulega stöðu fólks á vinnumarkaði. Því tengdu skiptir máli að innflytjendur nýti sér slíkar leiðir í ríkari mæli en til þess að svo megi verða verður að tryggja tækifæri til þess að hægt sé að sækja nám innan annarra skólastiga á öðru tungumáli en íslensku.

Nauðsynlegt er að samþætta þessar aðgerðir með skýrari hætti við íslenskunám og starfsþróun. Mat á færni hefur takmarkað gildi nema því fylgi raunhæf leið áfram, svo sem aðgangur að viðeigandi tungumálastuðningi og úrræðum sem gera fólki kleift að uppfylla faglegar og formlegar kröfur sem upp á kunna að vanta. Að öðrum kosti er hætta á að niðurstöður matsins skili sér ekki í bættri stöðu á vinnumarkaði.

Mikilvægt er að réttlát umskipti á vinnumarkaði séu tryggð eins vel og kostur er og því skiptir máli að leggja ríka áherslu á að fylgst sé náið með þeim störfum sem miklar líkur eru á að hverfi eða breytist til þess að geta brugðist við með sterku sí- og endurmenntunarkerfi.

Til þess að geta mætt áhrifum tæknibreytinga er mikilvægt að stunda kerfisbundna greiningu á færniþörfum í öfluggu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda og mæta áskorunum með sí- og endurmenntun til þess að færni og menntun haldist í hendur við þróun vinnumarkaðarins og þarfir launafólks. Því er mikilvægt að efla vettvang eins og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins svo hægt sé að mæta þeirri þróun. En ekki síður til þess að vinna greiningar á færniþörfum hverju sinni. Ekki síst til þess að launafólk fái tækifæri til þess að styrkja stöðu sína og þannig leiða í gegn réttmæt umskipti á vinnumarkaði. Færnispar eru mikilvægt verkfæri fyrir stefnumótun og aðgerðir sem standast þær breytingar sem eru að eiga sér stað og munu áfram eiga sér stað á vinnumarkaði. Í [ársskýrslu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2025](#) kemur m.a. fram að 56% þeirra sem stunduðu nám viðurkenndra námsleiða voru innflytjendur. Langflest sóttu námsleiðina íslenska og atvinnulífið.

Í skýrslu Alþjóðavinnuárástofnunar kemur fram að markviss færniþjálfun eykur m.a. líkur á betra aðgengi að störfum og styður við tækifæri til betri launakjara. Áhrifin eru þó mismunandi eftir aðstæðum, sem undirstrikar mikilvægi þess að sniða aðgerðir að staðbundnum veruleika, safna ítarlegri og sundurliðaðri gögnum um fjármögnun og meta markvissar hvaða hvatar virka og hvers vegna.

Saman sýna þessar niðurstöður að uppbygging árangursríkra símenntunarkerfa krefst samræmis, aðgengis, gæða og sjálfbærni. Til að ná þeirri sýn þarf:

- langtímaskuldbindingu
- félagslegt samtal milli stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks
- sameiginlegan skilning á því að símenntun sé almannagæði – lykilforsenda seiglu, þátttöku og mannsæmandi starfa í ört breytilegum heimi

Verkalýðshreyfingin gegnir veigamiklu hlutverki í greiningu og stefnumótun, tryggir að sjónarmið launafólks heyrist og stuðlar að því að aðgangur að sí- og endurmenntun sé raunverulega fyrir alla. Með því má bæði styrkja stöðu launafólks og stuðla að réttlátum umskiptum á vinnumarkaði.